

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni um fullgildingu viðauka við samning um réttindi fatlaðs fólks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig miðar og hvernig er háttað undirbúningi fullgildingar valkvæðs viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. þingsályktun nr. 61/145 frá 20. september 2016?*
2. *Er þess að vænta að stadið verði við þá ákvörðun Alþingis í framangreindri þingsályktun að viðaukinn verði fullgiltur fyrir lok þessa árs?*

Áður en til fullgildingar alþjóðasamnings kemur metur það ráðuneyti sem fer með mál er efni hans varðar áhrif samningsins og hvort fullgilding krefjist lagabreytinga svo uppfylla megi skuldbindingarnar sem í honum felast. Sé lagabreytinga þörf leggur viðkomandi ráðherra fram lagafrumvarp. Utanríkisráðuneytið fer með gerð samninga við önnur ríki, sbr. f-lið 2. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 15/2017.

Dómsmálaráðuneytið fer með mannréttindamál og mannréttindasáttmála, sbr. 18. tölul. 3. gr. áðurnefnds forsetaúrskurðar. Samkvæmt upplýsingum þess ráðuneytis hefur stýrihópur Stjórnarráðsins í mannréttindum fullgildingu á viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til skoðunar, en hefur ekki lokið við mat á því hvort tímabært sé að ráðast í lagabreytingar og fullgildingu, m.a. vegna vinnu við að uppfylla samningsskuldbindingarnar.